

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar <b>109.stjórnarfundur haldinn 27. júní 2017</b> <b>Klapparstíg 25-27, Reykjavík</b>	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 27.06.2017	Tími 13:00	Staður Reykjavík	Nr. Fundar 109
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 27.06.17	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Guðrún Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Snorri Ingimarsson, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri. Óli Halldórsson tók þátt í fundinum í síma. Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson			

## Dagskrá:

1. Fundargerðir svæðisráða
  - a. Norðursvæði
  - b. Austursvæði
  - c. Suðursvæði
  - d. Vestursvæði
2. Jökulsárlón og Þjóðlendur  
Gestir: Sigríður Svana og Valbjörn
3. Staða reglugerðarmála  
Gestur: Sigríður Svana
4. Reglur stjórnar  
Gestur: Marteinn Másson
5. Starfslýsing framkvæmdarstjóra  
Gestur: Marteinn Másson
6. Starfslýsingar þjóðgarðsvarða  
Gestur: Marteinn Másson og Guðmundur Ögmundsson
7. SVÁ-umfjöllun í svæðisráðum og hjá þjóðgarðsvörðum  
Gestur: Guðmundur Ögmundsson
8. Vonarskarð
9. Niðurstöður útboðs vegna bílastæða við Skaftafell og Dettifoss
10. Önnur mál
  - a. Innra starf þjóðgarðsins
  - b. Klósett mál  
Gestur: Valbjörn
  - c. Bílastæðagjöld  
Gestur: Valbjörn
  - d. Fundargerð frá 108.fundi

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna. Hann óskaði eftir því að byrjað væri á að taka fyrir liði 4, 5, og 6 í upphafi fundar. Stjórn samþykkir þessa breytingu á framlagðri dagskrá.

## **VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR – FUNDARGERÐ STJÓRNAR**

### 4. Reglur stjórnar

Gestur er Marteinn Másson, lögmaður.

Marteinn fór yfir stöðu málsins og framlögð drög með þeim athugasemdum sem borist hafa við reglur stjórnar.

Stjórn felur Marteini að ljúka við að uppfæra skjalið með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu á fundinum. Að því loknu verði drögum að reglum dreift til stjórnarmanna og áheyrnarfulltrúa til yfirlestrar. Reglurnar verði síðan lagðar undir endanlegt samþykki stjórnarfundar.

Fulltrúi SAMUT bókar að hann leggur áherslu á að staða áheyrnarfulltrúa verði ekki gerð veikari í starfsreglum en þarf samkvæmt lögum um VJP.

### 5. Starfslýsing framkvæmdastjóra - frestað til næsta fundar.

### 6. Starfslýsing þjóðgarðsvarða - frestað til næsta fundar.

#### 1. Fundargerðir svæðisráða.

- a. Fundargerð svæðisráðs á norðursvæði. Formaður svæðisráðs gerði grein fyrir 47. fundi svæðisráðs á norðursvæði 21. júní 2017. Varðandi virkjun við Drekgil, þá beinir svæðisráð á norðursvæði því til stjórnar að hún taki formlega afstöðu til fyrirbyggjandi umsókna þannig að fyrir liggi með óhyggjandi hætti hver verði framkvæmdar- og ábyrgðaraðili.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja sig í samband við hlutaðeigandi vegna samninga um mögulega orkuöflun á norðursvæði þjóðgarðsins.

Svæðisráð á norðursvæði bókar vonbrigði með tafir á framkvæmdum á þjónustusvæði við Dettifoss að vestan. Formaður svæðisráð ítrekaði einnig þörf á heilsárslandsvörslu við Dettifoss.

- b. Fundargerð svæðisráðs á austursvæði. Formaður svæðisráðs gerði grein fyrir fundargerð frá 86. fundi 7. júní 2017. Svæðisráð á austursvæði kallaði eftir framtíðar stefnumótun varðandi gjaldtöku í þjóðgarðinum þar sem horft verði til reynslu annara þjóða. Formaður gerði jafnframt grein fyrir fram komnu erindi frá félagi hreindýraleiðsögumanna varðandi hreindýraveiðar í þjóðgarðinum og áliti meirihluta svæðisráðs um að ekki sé ástæða til að gera breytingar á veiðum innan þjóðgarðs að svo stöddu.

- c. Fundargerð svæðisráðs á suðursvæði. Formaður svæðisráðs gerði grein fyrir fundargerð frá 52. fundi 1. júní 2017. Formaður ræddi í tengslum við væntanlega atvinnustefnu hugmyndir að greiningu vegna nýtingar á svæðum og gerði grein fyrir hugmyndum svæðisráðs á suðursvæðis varðandi það.

Stjórn felur formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra að velja fagaðila til að taka út svæði sem sótt er í til atvinnustarfsemi innan þjóðgarðs. Niðurstöðum fyrir hvert svæði verði vísað til viðkomandi svæðisráðs.

- d. Fundargerð svæðisráðs á vestursvæði. Formaður svæðisráðs á vestursvæði fylgdi eftir fundargerðum svæðisráðs frá 1. júní og 20. júní 2017. Formaður mun taka upp málefni Vonarskarðs síðar á fundinum undir samnefndum lið.

Áheyrnarfulltrúi Samút bókar eftirfarandi: Fundargerð svæðisráðs Vestursvæðis frá 1. júní 2017 var ekki tilbúin fyrr en í gær. Þetta er forkastanleg og ótæk stjórnsýsla. Fundargerðin var ekki meðal útsendra gagna til stjórnar og fundarmönnum gafst því ekki tími til að kynna sér efni hennar fyrir fundinn.

## 2. Jökulsárlón og Þjóðlendur

Sigríður Svana sem skráður er gestur fundarins forfallaðist.

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri, er gestur fundarins undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur skýrsla frá rannsóknarnefnd samgönguslysa frá 23.júní 2017 *Skýrsla um banaslys í umferðinni*. Mál nr. 2015-U013

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á málum varðandi Jökulsárlón. Formaður svæðisráðs á suðursvæði gerði grein fyrir hugmyndum að skipulagi á svæðinu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni svæðisráðs á suðursvæði að vinna ásamt starfshópi um málefni Jökulsárlóns áfram að skipulagsmálum á svæðinu.

Fyrir fundinum liggur erindi sem vísað var til stjórnar frá svæðisráði á suðursvæði frá Glacier Adventure dagsett 5.5.2017 varðandi svifnökkva á Jökulsárlóni.

Erindinu frestað til næsta fundar.

## 3. Staða reglugerðarmála.

Sigríður Svana sem skráður er gestur fundarins forallaðist. Málinu frestað til næsta fundar.

## 7. SVÁ-umfjöllun í svæðisráðum og hjá Þjóðgarðsvörðum

Guðmundur Ögmundsson Þjóðgarðsvörður á norðursvæði var gestur í síma undir þessum lið.

Stjórn felur formanni að tryggja að allar athugasemdir frá svæðisráðum og öðrum aðilum varðandi drög að stjórnunar- og verndaráætlun verði sendar til ritstjóra til úrvinnslu. Að öðru leyti er málinu frestað til næsta fundar.

## 8. Vonarskarð

Formaður svæðisráðs á vestursvæði gerði grein fyrir umræðum á fundi svæðisráðs á vestursvæði á fundi 1. júní 2017 um bókun stjórnar á 108. fundi varðandi Vonarskarð. Svæðisráð á vestursvæði hefur afgreitt erindi varðandi umferð ökutækja um Vonarskarð og ítrekar fyrri afstöðu sína.

## **VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR – FUNDARGERÐ STJÓRNAR**

Formaður svæðisráðs á norðursvæði bókar að mál Vonarskarðs sé á forræði svæðisráðs vestursvæðis.

Óli Halldórsson yfirgefur fundinn kl. 17:47.

Stjórn óskar eftir greinargerð frá svæðisráði vestursvæðis varðandi málefni Vonarskarðs sem nefnd er í fundargerð svæðisráðs vestursvæðis 20. desember 2017.

Áheyrnarfulltrúi Samút gerir athugasemdir við málsmeðferð svæðisráðs á vestursvæði.

### 9. Niðurstöður útboðs vegna bílastæða við Skaftafell og Dettifoss Gestur: Valbjörn

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir niðurstöðu verðkönnunar vegna innheimtu bílastæðagjalda sbr. ákvörðun stjórnar á 108. fundi varðandi gjaldtöku í þjóðgarðinum. Svör bárust frá tveimur aðilum Computer Vision ehf. og Sönnum landvættum ehf.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Computer Vision en svar þess aðila var hagstæðara. Stefnt er að því að gjaldtaka hefjist í júlí.

### Önnur mál

a. Innra starf þjóðgarðsins – frestað til næsta fundar

b. Klósett mál.  
Gestur: Valbjörn

Erindi frá Svavi dags. 23. júlí 2017 varðandi uppbyggingu klósetta við Jökulsárlón.

Stjórn telur að um áhugaverða lausn sé að ræða en ekki tímabæra fyrir þjóðgarðinn að svo stöddu.

c. Bílastæðagjöld – frestað til næsta fundar

d. Fundargerð frá 108. fundi.

Gerðar eru eftirfarandi leiðréttingar á fundargerð. Leiðrétt er föðurnafn Vilhjálms Árnasonar sem sat fundinn en ekki Vilhjálmur Vilhjálmsson. Varðandi lið 17.1 þá er um að ræða mögulega leið austan Köldukvíslar í Vonarskarði, ekki austan Vonarskarðs.

Fundi slitið kl. 17:50

### Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			

## **VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR – FUNDARGERÐ STJÓRNAR**

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
3			
4			
5			
6			